

AUGLÝSING

um deiliskipulag miðbæjar Egilsstaða, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 1. febrúar 2006 deiliskipulag miðbæjar Egilsstaða. Í deiliskipulaginu felst m.a. að á norðurhluta miðbæjarsvæðisins eru fyrirhugaðar 6 nýjar byggingar og gert er ráð fyrir viðbyggingu við hótelið. Þrjár nýjar götur eru fyrirhugaðar á norðurhluta svæðisins. Norður og suður miðbærinn eru tengdir saman með göngugötu, Strikinu. Fagradalsbraut og Lagarás fá breytta legu. Í suðurhluta miðbæjarins er bætt við 27 nýbyggingum og viðbyggingum við tvær eldri byggingar. Sex nýjar götur eru í skipulagshlutanum. Þjóðvegur 1 og Kaupvangur fá breytta legu. Hringtorg er á gatnamótum vegar að Egilsstöðum I og II, Fagradalsbrautar og Þjóðvegur 1, sem er færður til vesturs.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 24. febrúar 2006.

Jens P. Jensen, verkefnisstjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 7. mars 2006